

Ekeberg o.fl. gegn Noregi

Dómur frá 31. júlí 2007

Mál nr. 11106/04, 11108/04, 11116/04, 11311/04 og 13276/04

6. gr. Réttur til réttlátrar málsmeðferðar

Óvilhallur dómstóll. Gæsluvarðhaldsúrskurður. Kviðdómarar.

1. Málsatvik

Kærendur eru Roger Ekeberg (f. 1960), Hans Mikkelsen (f. 1968), Morten Hoelstad (f. 1967), Roger Elvsveen (f. 1963) og Torkjel Alsaker (f. 1960). Þeir eru norskir ríkisborgarar. Fjórir fyrstnefndu voru meðlimir í bifhjólaklúbbum „Screwdrivers“ sem hafði aðsetur í Hamar. Á þeim tíma sem um ræðir var aðsetur bifhjólaklúbbsins „Vítisenglar“ einnig í Hamar. Síðastnefndi kærandinn var meðlimur Vítisengla í Osló.

Í byrjun árs 1997 komu kærendur sprengju fyrir í bifreið í þeim tilgangi að sprengja hluta félagsheimilis bifhjólaklúbbsins „Bandidos“. Sprengjan leiddi til dauða eins manns og olli stórfelldu eignatjóni. Í kjölfarið voru þeir ákærðir og í mars árið 2003 voru hinir þrír fyrstnefndu dæmdir í 6 ára fangelsi, fjórði í 12 ára fangelsi og hinn fimmti í 16 ára fangelsi.

2. Meðferð málsins hjá Mannréttindadómstólnum

Kæran

Kærendur töldu að brotið hefði verið í bága við ákvæði 1. mgr. 6. gr. sáttmálans þar sem einn dómara í máli þeirra við áfrýjunardómstól hefði ekki verið óvilhallur. Dómarinn hefði áður átt aðild að ákvörðun um framlengingu gæsluvarðhalds eins kæranda, sem byggt hefði á 172. gr. norskra laga um meðferð sakamála, sem heimilar gæsluvarðhald á grundvelli sterkra grunsemda um tiltekin alvarleg brot. Í gæsluvarðhaldsúrskurðinum hefðu einnig komið fram ýmis fordómafull ummæli um bifhjólasamtök. Þá vísuðu kærendur til þess að meðferð málsins hefði verið haldið áfram þótt nauðsynlegt hefði reynst að víkja einum kviðdómenda frá þegar í ljós kom, á seinni stigum réttarhaldanna, að hann gaf skýrslu við rannsókn málsins hjá lögreglu.

Niðurstaða

Dómstóllinn benti á að dómari væri ekki fortakslaust vanhæfur til að dæma í refsímáli þótt hann hefði áður komið að meðferð þess. Hins vegar taldi dómstóllinn að ákvörðun um framlengingu gæsluvarðhalds hefði byggst á sérlega sterkum grunsemdum fyrir sekt kæranda. Var því talið að atvik væru með sambærilegum hætti og í dómi Mannréttindadómstólsins í máli Hauschildt gegn Danmörku frá 24. maí 1989. Einróma niðurstaða dómstólsins varðandi fjórða kæranda var því að brotið hefði verið gegn 1. mgr. 6. gr. sáttmálans.

Dómstóllinn taldi ekki að álykta mætti af framangreindum ummælum dómarans að hann teldi rökstuddan grun leika á því að hinir kærendur hefðu átt aðild að brotinu sem um var að ræða. Í ljósi þess gátu aðrir kærendur ekki haft ástæðu til að ætla að dómarinn væri ekki óvilhallur í refsímáli þeirra.

Hvað varðaði þátt kviðdómarans taldi dómstóllinn að þáttur hans hefði ekki verið þess eðlis að draga bæri í efa hlutleysi annarra kviðdómara. Niðurstaða dómstólsins var að ekki hefði verið brotið í bága við 1. mgr. 6. gr. hvað varðaði þátt umrædds kviðdómara í málsmeðferðinni. Einn dómari skilaði séráliti.

Dómstóllinn taldi ekki ástæðu til að dæma fjórða kæranda bætur.